

Tillögur óformlegs samráðshóps um framkvæmd nauðungarvistana á grundvelli lögræðislaga

I) Inngangur

Lögræðislög nr. 71/1997 tóku gildi 1. janúar 1998. Á grundvelli þeirra laga geta bæði innanríkisráðherra og ráðherra er fer með heilbrigðismál sett nánari reglur og reglugerðir þrátt fyrir að löggjöfin heyri undir innanríkisráðherra. Lögin hafa ekki verið endurskoðuð frá því að þau voru sett. Lögin fjalla um lögræði (sjálfæði og fjárræði), sviptingu lögræðis, nauðungarvistun, ráðsmenn, lögráðamenn, meðferð á fjármunum ófjárráða manna, löggerninga ólögráða manna og yfirlögráðendur (sýslumenn). Hlutverk innanríkisráðuneytisins hvað varðar beiðnir um nauðungarvistun einstaklings á sjúkrahúsi felst í því að yfirfara beiðni um nauðungarvistun og meðfylgjandi læknisvottorð og ganga úr skugga um að lagaskilyrði séu uppfyllt og að ákvörðun um nauðungarvistun sé lögmæt. Tilgangurinn er sá að tryggja réttaröryggi hins nauðungarvistaða.

Árið 2012 hafði innanríkisráðuneytið frumkvæði að fundaröð um mannréttindamál í tengslum við mótun landsáætlunar í mannréttindum. Þann 29. mars 2012 var fjallað um mannréttindi geðsjúkra. Þar komu fram sjónarmið notenda, aðstandenda og fagfólks sem vörpuðu ljósi á nauðsyn þess að hefja skoðun á bæði lögunum sjálfum og framkvæmd þeirra. Í kjölfar þess fundar ákvað ráðuneytið að boða þá aðila sem komu að þeim fundi til að ræða þau álitæfni sem fram komu á fundinum. Fyrsti óformlegi samráðsfundurinn var haldinn þann 16. október 2012. Á fundinum var rætt um hvernig breyta mætti lögræðislögum þannig að mannréttindasjónarmið yrðu sem best tryggð bæði hvað varðar réttindi og framkvæmd. Í kjölfar þess fundar voru haldnir fimm fundir og fleiri aðilar sem koma að þessum málum boðaðir til, m.a. aðstandendur, notendur og læknar. Var síðasti fundur hópsins haldinn þann 6. mars 2014 en ráðuneytið hefur jafnframt staðið fyrir fámennari fundum á tímabilinu með þeim aðilum sem koma að framkvæmd laganna til að fara yfir einstaka ferla og verklag.

Þeir sem komið hafa að hinum óformlega samráðshópi eru:

Hermann Sæmundsson, innanríkisráðuneyti, Svanhildur Þorbjörnsdóttir, innanríkisráðuneyti, Héðinn Unnsteinsson, forsætisráðuneyti, (fyrirverandi sérfræðingur hjá geðheilbrigðisviði WHO-EURO), Sveinn Magnússon, velferðarráðuneyti, Guðlín Steinsdóttir, velferðarráðuneyti, Kristín Ösp Jónsdóttir, velferðarsviði Reykjavíkurborgar, Jóna Rut Guðmundsdóttir, velferðarsviði Reykjavíkurborgar, Helga Jóna Benediktsdóttir, velferðarsviði Reykjavíkurborgar, Páll Matthíasson, Landspítala, Björn Hjálmarsson, læknir, Bergþór Grétar Böðvarsson, fulltrúi notenda, gæðaráð geðsviðs Landspítalans, Kristinn Tómasson, formaður Geðlæknafélags Íslands, Sigurður P. Pálsson, geðlæknir, Lúðvík Ólafsson, læknir, Sveinn Rúnar Hauksson, læknir, Stefán Jóhannsson, ráðgjafi nauðungarvistaðra manna, Auður Axelsdóttir, forstöðumaður Geðheilsu-eftirfylgd, Anna Gunnhildur Ólafsdóttir, framkvæmdastjóri Geðhjálp, Eva Bjarnadóttir, fyrirverandi framkvæmdastjóri Geðhjálp, Hrannar Jónsson, formaður stjórnar Geðhjálp og Styrmir Gunnarsson, fyrirverandi ritstjóri. Ráðuneytið leitaði einnig til Engilberts Sigurðssonar, geðlæknis.

II) Ábendingar um umbætur

Afurð þessa umræðuferlis eru allnokkrar og gagnlegar ábendingar um það sem betur má fara í löggjöfinni sjálfri, reglum settum á þeim grundvelli, verklagi og framkvæmd laganna. Verður hér gerð grein fyrir helstu álitamálanum sem rædd voru.

1. Almenn

Almenn umræða um mannréttindi, siðfræði og réttmæti nauðungar og sjálfræðissviptingar var töluverð á fundum hópsins. Sjónumið notenda voru almennt þau að banna ætti alla nauðung í meðferð geðsjúkra. Þær skoðanir endurspeglar sjónumið alþjóðlegra samtaka notenda, t.a.m. European Network of (Ex)-Users and Survivors of Psychiatry (ENUSP). Í því samhengi bar einnig á góma samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks sem íslensk stjórnvöld eru í þann mund að innleiða í íslensk lög. Bent var á að nauðung og meðferð væru hugtök sem illa færu saman og að ákaflega vandmeðfarið væri með löggjöf sem veitir heimild til að svipta einstakling frelsi án brots á lögum samfélagsins. Slík frelssvipting var lengi réttlætt gagnvart geðsjúkum sem „ill nauðsyn“ út frá skaðalögmáli John Stuart Mills, þ.e. að viðkomandi var talinn hættulegur sjálfum sér eða öðrum. Samkvæmt núgildandi lögum getur læknir ákveðið að sjálfráða maður skuli færður og vistaður nauðugur í sjúkrahúsi ef hann er haldinn alvarlegum geðsjúkdómi eða verulegar líkur eru taldar á að svo sé eða ástand er þannig að jafna megi til alvarlegs geðsjúkdóms. Sama gildir ef maður á við alvarlega áfengisfíkn að stríða eða ofnautn ávana- og fíkniefna. Því var velt upp hvort um of opna skilgreiningu væri að ræða og hvort æskilegt væri að skerpa á henni. Sú skilgreining er kjarni þess siðferðilega álitamáls sem felst í útfærslu nauðungar og/eða sjálfræðissviptingar í lögræðislögunum og í mörgum tilfellum þeirrar lífsgæðaskerðingar sem oft fylgir. Í þessu sambandi var bent á dóm Mannréttindadómstóls Evrópu í máli nr. 6301/73 frá 24. október 1979 en þar kemur fram að til að réttlæta nauðungarvistun á grundvelli andlegrar vanheilsu verði geðsjúkdómur að vera á því stigi að hann réttlæti slíka frelssviptingu.

Það var samhljóða álit hópsins að hvers konar frelssvipting væri mjög alvarlegt inngríp í líf hvernar manneskju og að mannhelgi einstaklinga bæri að virða í lengstu lög. Það mat sem lægi til grundvallar slíkum inngrípum yrði ávallt huglægt og því mikilvægt að renna eins hlutlægum og valdeflandi stoðum og skýru verklagi undir slík inngríp og kostur væri ef viðhafa ætti þau áfram. Hópurinn svaraði ekki þeirri kjarnaspurningu hvað tæki við af nauðung og sviptingu sjálfræðis ef slíkt yrði alfarið lagt af en ýmsar hugmyndir voru reifaðar.

2. Aðkoma lögreglu

Samkvæmt 4. mgr. 19. gr. lögræðislaga er lögreglu skylt að verða við beiðni læknis um aðstoð við að flytja mann nauðugan í sjúkrahús og skal læknir þá fylgja honum ef nauðsyn þykir bera til. Í umræðum kom fram að í framkvæmd sé því sem næst alltaf óskað eftir lögreglu á þessum grundvelli.

Áhersla var lögð á að ætíð væri reynt leita mannúðlegra leiða til að komast hjá nauðung sjúklings í geðrofi áður en þvingunarúrræðum væri beitt. Ef í ljós kæmi að óumflýjanlegt væri að beita þvingun færi betur á því að almenna reglan væri sú að sjúkraflutningamenn kæmu að flutningi einstaklings í stað lögreglu. Aðkoma lögreglu væri mjög íþyngjandi fyrirkomulag fyrir viðkomandi einstakling og aðstandendur og getur að mati sumra valdið verulegu álagi.

Jafnframt var bent á að mikilvægt væri að læknir væri ávallt til staðar. Í þessu sambandi væri hægt að þróa betur þessa framkvæmd, t.d. þannig að til staðar væri bráðateymi sem væri samsett af sérfræðingum. Ekki yrði kallað til lögreglu fyrr en eftir mat þessa teymis, sem auk þess kynni að geta leitt til þess að dragi úr þörf fyrir nauðungarvistun. Teymi á vegum heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins er dæmi um fyrirkomulag sem mætti efla í þessu sambandi.

Hvað aðstoð lögreglu varðar þá komu þó fram sjónumið um að mikilvægt væri að hafa þetta úrræði í lögræðislögum. Á hinn bóginn mætti hafa reglur um vægara úrræði, t.d. sjúkrabíl eða óeinkennisklædda lögreglu. Bent var á að stundum væri þó um að ræða kringumstæður sem enginn annar en lögregla gæti tekist á við.

3. Aðkoma fjölskyldu

Samkvæmt 7. gr. lögræðislaga geta maki varnaraðila, ættingjar hans í beinan legg og systkini farið fram á nauðungarvistun einstaklings. Auk þeirra geta m.a. lögráðamaður og félagsmálastofnun eða samsvarandi fulltrúi sveitarfélags farið fram á nauðungarvistun. Í umræðum hópsins kom fram að í meirihluta tilvika er það fjölskyldumeðlimur sem fer fram á nauðungarvistun einstaklings. Það hefur þó færst í aukana að félagsþjónustan óski eftir nauðungarvistun. Meðfylgjandi tafla sýnir hlutfall þeirra beiðna þar sem félagsþjónusta eða samsvarandi fulltrúi sveitarstjórnar lagði slíka beiðni fram, sl. 4 ár:

2013	33%
2012	40%
2011	25%
2010	25%

Fram komu sjónarmið um að það geti sett hinn nauðungarvastaða sem og fjölskyldur í erfiða stöðu þegar nánustu ættingjar setja fram beiðnina. Það geti auk þess valdið samskiptarofi í fjölskyldum oft um ófyrirséðan tíma sem geti skert lífsgæði beggja aðila til lengri tíma. Þess vegna komu fram sjónarmið um að breyta mætti aðkomu fjölskyldna að nauðungarvistun t.d. á þann hátt að óskað verði eftir milligöngu félagsþjónustu við framlagningu formlegrar beiðni um nauðungarvistun. Beiðnin væri því ekki sett fram í nafni fjölskyldunnar, heldur félagsmálayfirvalda. Aðstandendur gætu því hafið ferlið en þyrftu ekki að fylgja því eftir með formlegum hætti og þar með væri dregið úr líkum á samskiptarofi innan fjölskyldna.

Því var m.a. velt upp hvort félagsmálayfirvöld gætu verið hinn formlegi aðili til að fara fram á nauðungarvistun, ýmist fyrir tilstuðlan aðstandenda eða ekki en aðstandendur þyrftu ekki að skrifa formlega undir slíka beiðni. Aðilar tilgreindir í a-lið 2. mgr. 7. gr. lögræðislaga hefðu því ekki heimild til að leggja fram beiðni um nauðungarvistun heldur þyrftu að beina því til félagsmálayfirvalda að leggja fram slíka beiðni. Skiptar skoðanir voru þó um það í hópnum hvort taka ætti heimild aðstandenda til að leggja fram beiðni um nauðungarvistun alfarið úr lögræðislögum.

Í tengslum við þessa umræðu var rætt um hvort lengja þyrfti þann tíma sem lækni hefur heimild til þess að nauðungarvasta mann án samþykkis ráðuneytisins. Í lögræðislögum kemur fram að frelsisskerðing samkvæmt lögnum megi ekki standa lengur en 48 klukkustundir nema til komi samþykki ráðuneytisins. Rætt var um hvort umræddur tími ætti að vera 72 klukkustundir, m.a. í ljósi þess að félagsmálayfirvöld væru ekki alltaf aðgengileg um helgar og á stórhátíðardögum og í þeim tilvikum verði oft aðstandendur í stað félagsmálayfirvalda að leggja fram slíka beiðni. Ráðuneytið hefur bakvakt á slíkum dögum en félagsmálayfirvöld hafa það ekki í öllum sveitarfélögum. Í stað þess að lengja fyrrnefndan tíma er frekar lagt til að úr þessu verði bætt með því að gera félagsmálayfirvöldum skylt að vera ávallt aðgengileg, t.d. með því að gefa upp neyðarsímanúmer um helgar og á stórhátíðardögum.

4. Einstaklingur fái heimild til að tilnefna aðila sem lagt getur fram beiðni um nauðungarvistun

Í 7. gr. lögræðislaga eru tilgreindir þeir aðilar sem geta lagt fram beiðni um nauðungarvistun. Ábending kom fram um að lögræðislögum verði breytt þannig að sá sem hefur verið nauðungarvastaður einu sinni geti tilnefnt aðila sem hafi heimild til að leggja fram beiðni um nauðungarvistun komi til þess aftur. Ákvæði um heimild til að tilefna slíka aðila kæmi í stað a. liðar 2. mgr. 7. gr., en einstaklingur gæti engu að síður tilnefnt maka, ættingja og systkini kjósi hann svo. Slíkur tilnefndur aðili yrði þar með fyrsti kostur sem lækni leitar til komi til þess að beita þurfi nauðungarvistun. Bent var á að ákveðin tímamörk þyrftu að vera varðandi þann aðila sem hægt er að tilnefna.

5. Ráðgjafi (talsmaður) nauðungarvistaðs manns

Samkvæmt 1. mgr. 27. gr. lögræðislaga á nauðungarvistaður maður rétt á að njóta ráðgjafar og stuðnings sérstaks ráðgjafa vegna sjúkrahúsdvalarinnar og meðferðar þar. Samkvæmt 2. mgr. skal vakthafandi læknir, ef nauðungarvistaður maður óskar þess, hafa samband við ráðgjafann svo fljótt sem verða má og tilkynna honum um nauðungarvistunina. Nauðungarvistaður maður á rétt á að ræða við ráðgjafann einslega um hvaðeina sem nauðungarvistunina varðar og hafa samband við hann reglulega nema ástandi hins nauðungarvistaða sé þannig háttáð að það hafi enga þýðingu. Ráðgjafinn hefur heimild til að kynna sér sjúkraskrá hins nauðungarvistaða.

Allmiklar umræður fóru fram um þessa mikilvægu þjónustu og stuðning. Sjónarmið komu fram um nauðsyn þess að efla hana og styrkja enn frekar þannig að réttindi sjúklings séu ávallt tryggð. Rætt var um í því sambandi að ráðgjafi gæti einnig verið á vissan hátt talsmaður. Bent var á mikilvægi þess að skerpa á hlutverki ráðgjafa í lögnum, yfirfara samning við ráðgjafa, og að sett yrði reglugerð um hlutverk hans, sbr. 5. mgr. 27. gr. Einnig kom fram að Landssamtökin Geðhjálp hafi á vissan hátt sinnt því hlutverki að vera óháður talsmaður.

Fram kom tillaga um að stuðningur ráðgjafa skv. 27. gr. ætti að vera veittur sjálfkrafa en ekki eingöngu þannig að unnt væri að óska eftir stuðningi eins og er samkvæmt núgildandi ákvæðum lögræðislaga. Þá kom fram að ráðgjafi þyrfti að koma að eins fljótt og hægt er í ferlinu, innan tveggja sólarhringa, og ekki eingöngu eftir að 21. dags nauðungarvistun hefst.

Í fjórðu skýrslu pyntingarnefndar Evrópuráðsins (European Committee for the Prevention of Torture and Inhuman or Degrading Treatment or Punishment (CPT)) að því er varðar Ísland frá árinu 2013 er hvatt til þess að upplýsingagjöf til nauðungarvistaðra einstaklinga verði bætt og hugað að því að tryggja sem best framkvæmd ráðgjafar óháðra aðila fyrir einstaklinga sem eru nauðungarvistaðir. Umræður og tillögur sem komið hafa fram í hinu óformlega samráðsferli gætu gagnast við að finna ábendingum nefndarinnar farsælan farveg.

6. Framlengja nauðungarvistun

Nauðungarvistun getur staðið í allt að 21 sólarhring eftir að ráðuneytið hefur veitt samþykki fyrir vistun. Dæmi eru um að gripið sé til sjálfræðissviptinga til að halda áfram nauðsynlegri meðferð að loknum þeim tíma. Samkvæmt 2. mgr. 29. gr. lögræðislaga má framlengja nauðungarvistun ef krafa hefur verið gerð fyrir dómi um að einstaklingur verði sviptur sjálfræði sínu. Í skýrslu pyntingarnefndar Evrópuráðsins frá 2013 er lagt til að stjórnvöld leiti leiða til þess að tryggja að framlenging nauðungarvistunar þurfi ekki að fela í sér sviptingu sjálfræðis. Í umræðum samráðshópsins kom fram að á hinum Norðurlöndunum sé hægt að framlengja nauðungarvistun t.d. í allt að 6 mánuði en þá þurfi ekki að grípa til þess úrræðis að svipta sjálfræði og væri því um vægara úrræði að ræða. Þeirri spurningu var varpað fram hvort setja ætti sambærilega heimild í lögræðislögin en 6 mánuðir voru þó e.t.v. taldir of langur tími. Um undanþáguákvæði yrði þá að ræða og meðal skilyrða yrðu þau að meðferðaraðili og sjúklingur hafi reynt að ná samkomulagi um áframhaldandi meðferð ef þörf krefði án nauðungar. Mögulegt væri að trúnaðarlæknir kæmi ávallt að slíkum ákvörðunum ráðuneytis um framlengingu.

7. Sérstök lög um réttindi geðsjúkra

Fram kom að í sumum löndum væru sérstök lög um réttindi geðsjúkra en pyntingarnefnd Evrópuráðsins hefur lagt til að ráðist verði í heildarendurskoðun á lagaumhverfinu og að sérstök geðheilbrigðislöggjöf verði sett. Skoðanir voru mjög skiptar um það í hópnum um að koma upp sérstakri löggjöf þar að lútandi. Bent var t.d. á að slíkt geti ýtt undir fordóma og mismunun og að sérlöggjöf geti ýtt þessum hópi enn frekar út á jaðar.

8. Áfallahjálp

Í umræðum hópsins kom fram að æskilegt væri að bjóða upp á áfallahjálp og/eða fjölskyldusamtöl í kjölfar nauðungarvistunar fyrir nauðungarvastaðan einstakling og aðstandendur. Þess háttar eftirfylgni ásamt almennum stuðningi við nauðungarvastaðan einstakling eftir nauðung væri mikilvæg til að auka lífsgæði og draga úr mögulegri lífsgæðaskerðingu.

9. Meðferð á sjúkrahúsi

Til umræðu kom að leita mætti leiða til að bæta þá meðferð sem nauðungarvastaðir einstaklingar fá á geðdeild. Þá skorti nánari reglur um meðferð og þvingaða lyfjagjöf en það hafa t.a.m. ekki verið settar nánari reglur um þvingaða lyfjagjöf og aðra þvingaða meðferð, sbr. 4. mgr. 28. gr. lögræðislaga. Í umræðunni komu fram alvarlegar athugasemdir um réttmæti þess að beita þvingaðri lyfjagjöf og hvort ekki verði að leita annarra leiða við að leysa erfið vandamál við innlögð sjúklinga.

10. Framkvæmd

Mikil umræða fór fram í hópnum um framkvæmd laga og reglna á þessu sviði. Í vinnu hópsins var gerð allgóð greining á ferli nauðungarvistunar með tilliti til þeirra mismunandi aðstæðna og tilvika sem kunna að vera til staðar. Það varðar aðdraganda, ákvörðun um nauðungarvistun í allt að 48 tíma, ákvörðun um nauðungarvistun til allt að 21 sólarhring og ráðgjöf og leiðbeiningar meðan á þessu tímabili stendur. Hópurinn telur að greiningin veiti góða yfirsýn yfir ferlið og nýtist vel til áframhaldandi umbóta.

Hópurinn var sammála um að markmiðið ætti að vera að fækka nauðungarinnlögnum og bæta framkvæmd þeirra. Aðalatriðið væri að lágmarka valdbeitingu, auka lífsgæði og draga úr mögulegri lífsgæðaskerðingu. Ýmsar leiðir væru til þess en það mætti t.d. gera á eftirfarandi hátt:

- Að efla og eftir atvikum koma á fót brádateymi eða vettvangsteymi þegar nauðungarvasta þarf einstakling. Á höfuðborgarsvæðinu er heilsugæslan með geðheilsuteymi sem kallað er til ef þörf krefur. Nýta mætti þá reynslu og þekkingu sem þegar hefur myndast í þessu sambandi, auk annarrar, til hliðsjónar við að móta tillögur að breyttri framkvæmd og verklagi. Með því gæti félagslegur og faglegur stuðningur á vettvangi orðið betri áður en til inngríps kæmi. Slíkt gæti í mörgum tilvikum komið í veg fyrir beitingu nauðungar. Fyrirnefnt teymi hefur t.a.m. notast við hugmyndafræði um opið samtal sem byggist á samstarfi fagfólks, fjölskyldu og þess sem veikist og byggist á aðferð sem þróuð hefur verið í Finnlandi.
- Efla samstarf heilbrigðisþjónustu og félagsþjónustu sveitarfélaga um framkvæmd nauðungarvistunar. Innan þessa samstarfs væri hægt að tryggja breytta aðkomu aðstandenda.

Samkvæmt 2. mgr. 19. gr. lögræðislaga skal bera ákvörðun vakthafandi sjúkrahúslæknis um nauðungarvistun manns undir yfirlækni svo fljótt sem verða má. Fram kom af hálfu þeirra lækna sem starfa við framkvæmd laganna að þetta mat ætti að vera í höndum vakthafandi lækni en framkvæmdin sé í raun þannig að þetta mat sé aðeins í höndum vakthafandi lækni þrátt fyrir að lagaákvæðið segi annað. Vakthafandi læknir starfar þá í umboði yfirlækni. Þetta atriði telur hópurinn mikilvægt að kanna betur.

Umræður hafa verið um hvort þörf sé á að bæta upplýsingagjöf til einstaklinga sem eru nauðungarvastaðir. Í þeim tilvikum þar sem ráðuneytið samþykkir nauðungarvistun er fyrirkomulagið með þeim hætti að ráðuneytið beinir því til viðkomandi yfirlækni að upplýsa nauðungarvastaðan einstakling um réttindi hans. Ráðuneytið hefur þegar ákveðið breyta verklagi með þeim hætti að upplýsingum um réttindi og stöðu nauðungarvastaðs einstaklings verði beint bæði til nauðungarvastaðs einstaklings sem og yfirlækni.

Umræður voru einnig um aðkomu lækna að greiningu utan sjúkrahúsa, ekki síst í ljósi nýlegs dóms Hæstaréttar. Þar taldi læknir sem fór á vettvang, eftir samráð við lækni á geðdeild Landspítalans, rétt að

færa einstakling á geðdeild Landspítalans til frekari skoðunar. Var það síðan mat lækna á geðdeild Landspítalans að ekki væri ástæða til nauðungarvistunar. Var íslenskra ríkið dæmt skaðabótaskyldt vegna frelsissviptingar sem leiddi af ákvörðun læknisins að senda sjúklinginn á geðdeild til frekara mats. Ekki komu fram tillögur um hvort eða þá hvernig breyta ætti núverandi framkvæmd hvað þetta varðar.

Ráðuneytinu barst á síðasta ári erindi frá umboðsmanni Alþingis þar sem kemur fram að umboðsmanni hafi borist ábendingar sem beindust að málsmeðferð innanríkisráðuneytisins í tengslum við framkvæmd nauðungarvistana samkvæmt III. kafla lögræðislaga, þ.á m. aðkomu trúnaðarlækna sem samkvæmt lögum skulu starfa á vegum ráðuneytisins og það getur leitað umsagnar hjá ef þörf krefur áður en heimild er veitt til nauðungarvistunar. Hefur umboðsmaður Alþingis nú til skoðunar hvort hann ætli að taka stjórnýslu þessara mála til almennrar athugunar. Í svari til umboðsmanns Alþingis hefur m.a. verið bent á að unnið væri að endurnýjun samnings við trúnaðarlækni. Þá var bent á að ráðuneytið hyggist hefja vinnu við setningu reglna um ráðningu ráðgjafa skv. 27. gr. lögræðislaga, m.a. í tengslum við hið óformlega samráð um framkvæmd og löggjöf varðandi nauðungarvistanir á grundvelli lögræðislaga. Þá verði samningar við ráðgjafa á grundvelli laganna einnig teknir til skoðunar, m.a. varðandi útboð á þessari þjónustu.

Að lokum má taka fram að umræður voru um að gagnlegt væri að fá alþjóðlega sérfræðinga til þess að yfirfara þessi mál í heild sinni, meta þau sjónarmið um umbætur sem hér eru settar fram og setja fram frekari tillögur til úrbóta.

11. Tölfræði

Komið var á framfæri ábendingum um að skortur væri á tölfræði um nauðungarvistanir, aðallega um nauðungarvistanir í allt að 48 tíma, um nauðungarvistun í allt að 21 sólarhring og um sjálfræðissviptingar. Aðilar voru sammála um að úr þessu þyrfti að bæta. Meðfylgjandi er yfirlit frá 2002-2013 sem sýnir hversu oft ráðuneytið hefur tekið afstöðu til nauðungarvistunar á grundvelli 24. gr. lögræðislaga:

2013	85	2007	92
2012	103	2006	80
2011	80	2005	70
2010	98	2004	58
2009	87	2003	88
2008	89	2002	86

12. Aðrar ábendingar er lúta að lögræðislögum

Öðrum ábendingum um lögræðislögin, sem lúta ekki beint að nauðungarvistunum, var einnig komið á framfæri við samráðshópinn Bent var á að samkvæmt e-lið 7. gr. lögræðislaga geti sóknaraðili lögræðissviptingarmáls verið ráðherra þegar gæsla almannahags geri þess þörf. Umrædd heimild ráðherra á einungis við um sviptingu lögræðis en ekki beiðni um nauðungarvistun. Var lagt til að umrædd heimild yrði felld úr lögræðislögum.

Þá var bent á að skoða þyrfti hvort heimilt ætti að vera að beita ótímabundinni sjálfræðissviptingu, en í 1. mgr. 5. gr. lögræðislaganna kemur fram að svipta megir mann lögræði sínu tímabundið ef ótímabundin svipting þyki ekki nauðsynleg. Bent var á að eðlilegra væri að miða við ákveðin tímamörk en ef ekki væri fallist á slíkt mætti gera ráð fyrir reglulegri endurskoðun eins og dæmi væru um í löggjöf hinna Norðurlandanna.

Fram komu ábendingar um að tryggja verði upplýsingamiðlun til varnaraðila í lögræðissviptingarmáli. Einnig var bent á að skoða þyrfti hvort útlagður kostnaður og þóknun lögráðamanns ætti ávallt að vera greiddur úr ríkissjóði, en ekki einungis þegar eignir hins ólögráða væru litlar eða aðrar sérstakar ástæður

mæltu með því. Bent var á mikilvægi þess að yfirlögráðandi hafi virkt eftirlit með skipan og störfum lögráðamanna, en dæmi væru um að ólögráða einstaklingar hefðu ekki lögráðamann svo árum skipti, t.a.m. í kjölfar andláts lögráðamanns. Með sama hætti þyrfti að tryggja að yfirlögráðandi sinni skyldu sinni með fullnægjandi hætti hverju sinni. Eðlilegt væri að ætlast til þess að yfirlögráðendur héldu skrá yfir og hefðu reglulega samband við lögráðendur í sínu umdæmi. Þá var bent á mikilvægi þess að óskað sé eftir sakavottorði lögráðamanns áður en hann er skipaður. Að lokum var bent á að skoða þyrfti ákvæði lögræðislaganna er varða skyldu dómara til að kalla varnaraðila í lögræðissviptingarmáli fyrir dóm og ákvæði er varða niðurfellingu lögræðissviptingar.

III) Næstu skref

Lagt er til að skipaður verði formlegur starfshópur til að endurskoða lögræðislögin og verklag við framkvæmd þeirra. Lögð er áhersla á mikilvægi þess að framangreint verði samstarfsverkefni innanríkisráðherra, heilbrigðisráðherra og félagsmálaráðherra, en samkvæmt framansögðu heyrta reglugerðarheimildir á grundvelli lögræðislaganna einnig undir þann ráðherra er fer með heilbrigðismál. Lagt er til að innanríkisráðherra skipi utanaðkomandi formann hópsins sem skal hafa viðeigandi þekkingu á þessu sviði en í hópnum verði jafnframt fulltrúar innanríkisráðherra, heilbrigðisráðherra og félagsmálaráðherra. Þá skal starfshópurinn m.a. óska eftir samráði við geðsvið Landspítalans, Geðhjálp, sveitarfélög, hérðsvakt heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, Geðlæknafélag Íslands, Geðheilsu-eftirfylgd, fulltrúa notenda á geðsviði Landspítalans og fleiri eftir atvikum.

Lagt er til að starfshópurinn fari yfir ofangreindar ábendingar og geri annars vegar tillögur að lagabreytingum í formi lagafrumvarps og hins vegar tillögur að breytingum á framkvæmd. Þá hafi starfshópurinn umboð til þess að leggja til enn frekari breytingar en hér hafa komið fram. Starfshópurinn skal jafnframt taka til skoðunar ábendingar sem borist hafa frá pyntingarnefnd Evrópuráðsins og yfirfara alþjóðlegar skuldbindingar og innleiðingu mannréttindasáttmála á þessu sviði auk svara íslenskra stjórnvalda við þeim ábendingum. Þá skal starfshópurinn samhæfa endurskoðun lögræðisлага við innleiðingu þeirra lagabreytinga sem Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks hefur í för með sér.

Lagt er til að starfshópurinn taki til starfa sem fyrst og skili af sér fyrir 1. júní 2015. Þá verði jafnframt afmörkuð fjárveiting til þessa verkefnis vegna vinnu starfshópsins.